


STÍGAMÓT



Ársskýrsla Stígamóta
8. mars 1990 til 8. mars 1991

EFNISYFIRLIT.

Aðdragandi Stígamóta

Hóparnir fjórir er standa að Stígamótum

Markmið Stígamóta

Verkefni Stígamóta

Hvað er kynferðislegt ofbeldi ?

Um starfsemina

- Almenn
- Ráðgjöf
- Sjálfshjálparhópar
- Tólf spora fundir
- Sjálfsvarnarnámskeið
- Fræðslunámskeið
- Fræðslufundir
- Tölulegar upplýsingar
- Upplýsingar um fjárframlög frá ríki, einstaklingum og félögum

Aðdragandi Stígamóta

Þann 8. mars 1989 á alþjóðlegum baráttudegi kvenna náðist viðtæk samstaða meðal kvennasamtaka um að helga daginn baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi. Talað hefur verið um að sjaldan eða aldrei hafi myndast jafnbreið samstaða meðal kvenna á Íslandi um nokkurt mál. Fjölbætt dagskrá var í Hlaðvarpanum þennan dag þar sem hinir ýmsu sjálfboðaliðahópar kynntu starfsemi sína og stóðu fyrir umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi í hinum ýmsu myndum. Dagskráin vakti mikla athygli og mikill fjöldi gesta sýndi að almenningur lét sig þessi mál varða.

Fyrir þennan tíma höfðu sjálfboðaliðahópar kvenna starfað að hinum ýmsu málum er varða kynferðislegt ofbeldi. Þar má nefna Samtök um Kvennaathvarf, Barnahópur Kvennaathvarfsins og Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin, Vinnuhópur gegn sífjaspellum og Konur gegn klámi.

Eftir þennan velheppnaða dag var ákveðið að halda áfram samstarfinu og stofnuð voru Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. Markmiðið var að safna saman reynslu hópanna úr sjálfboðaliðastarfinu og sameina kraftana til að auka og bæta ráðgjöf og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi. Fíjótlega kom upp hugmynd um að opna ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi.

Sjálfboðaliðahóparnir höfðu starfað af miklum krafti um langt skeið en starfsemin markaðist af því að konurnar unnu allar utan heimilis og sinntu búi og börnum. Því voru takmörk fyrir hversu lengi var hægt að byggja þessa starfsemi á sjálfboðaliðavinnu einni saman. Auk þess var aðstaða lítil sem engin til að mynda þurftu ráðgjafar í nauðgunarmálum oft að sinna viðtölum við fórnarlömb á kaffihúsi sökum aðstöðuleysis.

Spurningin snerist ekki um hvort þörfin væri fyrir hendi - heldur hvernig hægt væri að mæta henni. Ákveðið var að setja markið hátt og stefna að opnun ráðgjafar- og fræðslumiðstöðvar um kynferðislegt ofbeldi. Miðstöð fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis sem myndi byggja á reynslu sjálfboðaliðahópanna og yrði opin allan sólarhringinn.

Farið var fram á styrk frá ríkinu og fengust tvær milljónir til stofnunar og reksturs miðstöðvarinnar. Þessi upphæð hrökk auðvitað skammt miðað við upphaflegar áætlanir um umfang þjónustunnar. Þó var ákveðið að fara af stað með vísi að þeirri þjónustu sem talin var nauðsynleg. Stígamót opnuðu síðan 8. mars 1990.

Hóparnir fjórir sem standa að Stígamótum

Vinnuhópur gegn sífjaspellum tók til starfa 1986. Starfsemi hópsins hefur fyrst og fremst byggst upp á sjálfbodaliðavinnu, en með fjárstyrk frá ríkinu hefur verið unnt að hafa launaða starfskonur. Starfsemin hefur fyrst og fremst byggst á einstaklingsviðtölum og ráðgjöf auk starfs í sjálfshjálparhópum. Þær sem sinna ráðgjöf og leiða hópa eru mestmegnis þolendur sífjaspella. Starfsemi Vinnuhóps gegn sífjaspellum byggist fyrst og fremst á reynslu og þekkingu þolendanna sjálfra. Innan vébanda hópsins starfa einnig konur sem hafa viðtæka fræðilega þekkingu á kynferðislegu ofbeldi og sinna fræðslu- og hópstarfi í samvinnu við þolendur.

Vinnuhópur gegn Sífjaspellum starfar í sama húsnæði og Stígamót og skipta starfskonur Stígamóta og Vinnuhópsins með sér vöktum á opnunartíma miðstöðvarinnar. Samstarf er þannig mjög náið þó Vinnuhópurinn haldi sjálfstæði sínu að öðru leiti.

Barnahópur Kvænnaathvarfsins tók til starfa 1983. Barnahópurinn hefur starfað að hagsmunum barna sem búið hafa við hverskonar ofbeldi á heimilum sínum. Hópurinn hefur m.a. gefið út fræðsluefni og staðið fyrir fræðslufundum. Ein starfskona er í Kvænnaathvarfinu sem alfarið sinnir barnastarfi og hefur hópurinn stutt við hana í starfi sínu.

Kvennaráðgjöfin hefur starfað frá því snemma á árinu 1984. Í Kvennaráðgjöfinni eru veittar upplýsingar um réttarstöðu kvenna við ýmsar aðstæður, lagalegar og félagslegar. Starfið byggir nær einvörðungu á sjálfbodaliðavinnu, en styrkur hefur fengist frá ríkinu og einstaka sveitarfélögum til að standa undir beinum rekstrarkostnaði. Opíð er á þriðjudagskvöldum milli kl. 20-22 og á fimmtudögum kl. 14-16. Kvennaráðgjöfin hefur boðið upp á stuðningshópa, fyrir konur sem staðið hafa í skilnaði eða eru að hugleiða það. Þá hefur Kvennaráðgjöfin gefið út fræðsluefni.

Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál hefur starfað frá árinu 1984. Hann starfaði einungis innan Kvænnaathvarfsins þar til Stígamót voru stofnuð en nú er hann starfandi á báðum stöðum. Starf hópsins hefur einvörðungu byggst á sjálfbodaliðavinnu sem hefur falist í ráðgjöf fyrir þolendur nauðgunar og fræðslu um afbrotið nauðgun og afleiðingar þess fyrir þolandann. Veitt er neyðarþjónusta allan sólarhringinn allt árið um kring. Ef kona verður fyrir nauðgun getur hún hringt í Kvænnaathvarfið og fengið konu úr hópnum sér til stuðnings hvort sem hún hyggst kæra eða ekki. Ef hún kærir fara ráðgjafar hópsins með henni til rannsóknarlögreglu og til læknis og eru henni til stuðnings í þessari erfiðu reynslu. Hópurinn hefur haldið námskeið og fræðsluerindi til að reyna að vinna gegn fordómum.

Markmið Stígamóta

YFIRLÝSING FRÁ 8. MARS 1989:

-að gert verði átak til fræðslu um kynferðislegt ofbeldi sem er nauðsynlegur þáttur í varnaraðgerðum.

-að tekið verði á málum er snerta kynferðislegt ofbeldi af mannúð og skilningi.

-að opinberir aðilar taki mark á reynslu þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og þeirra kvennahópa er unnið hafa með þau mál og leggi til grundvallar við ákvarðanir um úrbætur í meðferð mála.

-að tillögum skýrslu nauðgunarmálanefndarinnar um neyðarmóttöku fyrir konur, sem hefur verið nauðgað, verði hrundið í framkvæmd tafarlaust.

-að meðferð á málefnum barna, sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi, verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Verkefni Stígamóta eru:

1. Að veita konum og börnum ráðgjöf einkum þeim sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Ráðgjöfin fer fram í einstaklingsviðtölum og/eða starfi í sjálfshjálparhópum allt eftir þörfum hvers og eins. Ráðgjöfin er ókeypis og opin konum og börnum af landinu öllu. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðgjafar miðstöðvarinnar fari um landið til að sinna sérstökum verkefnum sé þess óskað.

2. Að vera fræðslu- og upplýsingarmiðstöð fyrir almenning, skóla og starfshópa sem gætu þurft að taka á kynferðislegu ofbeldi í starfi sínu s.s. lækna, lögreglu, félagsráðgjafa, presta, kennara, hjúkrunarfólk, fósturur, þroskajálfa, fjölmiðlafólk og aðrar stéttir sem hefðu þörf fyrir slíka fræðslu. Miðstöðin mun hafa á boðstólum aðgengilegt fræðslu- og kynningarefni um kynferðislegt ofbeldi svo og fjölbreytilegar upplýsingar sem lúta að réttindamálum kvenna og barna. Á vegum miðstöðvarinnar verða skipulögð námskeið fyrir starfsfólk stofnana sem sinna konum og börnum, skólafólk og aðra er þess óska.

Hvað er kynferðislegt ofbeldi?

Stígamót skilgreina sífjaspell, nauðganir og kynferðislega áreitni á eftirfarandi hátt:

Sífjaspell eru þegar fullorðinn, skyldur eða nákominn, í skjóli valds síns notar börn til þess að fullnægja kynferðislegum þörfum sínum -hvort sem hann sýnir sig beran, þuklar á barninu, lætur barnið þukla á sér eða hefur við það samfarir. Með nákomnum eigum við við hvern þann sem barnið er háð eða ber traust til. Það gæti verið foreldri eða systkini, afi eða langafi, frændi eða mágur, kennarinn, bóndinn í sveitinni eða heimilisvinur - eiginlega hver sem er.

Með sífjaspellum er verið að misbjóða trausti og sjálfsvirðingu barnsins.

Nauðgun er ofbeldisverk þar sem um er að ræða þvingun til kynferðislegra samskipta hvort sem ofbeldismaðurinn var ókunnugur, kunningi, vinur eða eiginmaður.

Konur sem orðið hafa fyrir nauðgun geta átt við mikla tilfinningalega örðugleika að stríða. Flestar eiga þær það sameiginlegt að hafa fundið til djúprar niðurlægingar og fyllast oft reiði, hræðslu, sjálfsásökun og sektarkennd.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg athygli sem ekki er óskað eftir né boðið upp á af þólandanum. Hún getur birst í kynferðislegum aðdróttunum; snertingu s.s. klípi, því að nudda sér upp að, strokum; bröndurum, athugasemdum um útlit, kynferðislegum tilboðum o.s.frv. Kynferðisleg áreitni getur haft þær afleiðingar á starf konunnar að það veikir sjálfstraust hennar í vinnunni, hindrar hana í að vinna starf sitt sómasamlega, eykur streitu og ógnar öryggi á vinnustað. Vegna þessa minnka líkur á stöðuhækkun og hefur það þannig áhrif á lífsafkomu konunnar í heild.

Kynferðisleg áreitni getur haft þær afleiðingar á konuna að hún getur fundið fyrir taugaóstyrk, þyngdartapi, svefnleysi, almennri vansæld, minnkandi sjálfsöryggi og félagslegri einangrun.

Um starfsemina

Almennt

Ljóst er að starfsemi Stígamóta hefur orðið miklu meiri en nokkurn óraði fyrir, þó vitað hafi verið að mikil þörf var fyrir ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi.

Þegar Stígamót hófu starfsemi sína var opnunartími miðstöðvarinnar frá 12-19 alla virka daga. Stígamót byrjuðu með eina stöðu sem aukin var um 30% í haust og nú er ein og hálf staða á Stígamótum sem tvær konur skipta á milli sín. Auk þess er Vinnuhópur gegn sífjaspellum með eitt stöðugildi. Strax og miðstöðin opnaði var mjög mikið að gera bæði í ráðgjöf og margir leituðu með ýmiskonar óskir um fræðslu og upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi. Sú ákvörðun var tekin með haustinu að lengja opnunartímann og hefur hann verið frá 9-19 virka daga. Auk þess var hálfu stöðugildi bætt við. Enn á ný stendur framkvæmdarhópur Stígamóta frammi fyrir því að fjölga starfskonum því þörfin fyrir ráðgjöf, stuðning og fræðslu er óþrjótandi.

Húsnæði.

Stígamót eru til húsa í Hlaðvarpanum Vesturgötu 3, Reykjavík. Þar eru leigð fjögur herbergi, eitt fyrir skrifstofu og þrjú herbergi fyrir viðtöl og sjálfshjálparhópa. Opið er frá 9-19 alla virka daga og er símin (91) 626868 og (91) 626878. Utan opnunartíma er símsvari er tekur við skilaboðum.

Framkvæmdahópur.

Í framkvæmdarhópi Stígamóta sitja fulltrúar frá Kvennaráðgjöfinni, Barnahópi Kvennaathvarfsins, Vinnuhópi gegn sífjaspellum og Ráðgjafarhópi um nauðgunarmál auk starfskvenna. Fundað er einu sinni í viku, á fimmtudögum milli 17 og 19.30. Á framkvæmdarhópsfundum eru teknar ákvarðanir um rekstur Stígamóta, gerðar starfsáætlanir og stefnan mótuð. Auk þess taka framkvæmdarhópsmeðlimir virkan þátt í starfinu.

Starfskonur.

Í dag eru 4 starfskonur starfandi á Stígamótum. Tvær eru launaðar af Stígamótum og skipta þær með sér einu og hálfu stöðugildi. Vinnuhópur gegn sífjaspellum hefur tvær starfskonur sem skipta með sér einu stöðugildi og standa þær vaktir á Stígamótum.

Á Stígamótum starfa konur sem hafa mikla þekkingu á kynferðislegu ofbeldi og reynslu af ráðgjöf. Þeir sem leita til Stígamóta geta valið um hvort þeir tala við konu sem orðið hefur fyrir kynferðislegri misnotkun sjálf eða annan ráðgjafa. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta verði ávallt byggð á reynslu þeirra sem þangað leita. Starfskonur á Stígamótum eru Ingibjörg Guðmundsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Ásgerður Sigurðardóttir og Sigurjóna Kristinsdóttir.

Ráðgjöf

Þegar konur, börn eða aðrir aðilar leita til Stígamóta vegna kynferðilegs ofbeldis felast fyrstu viðbrögð í stuðningi og ráðgjöf. Það er mismunandi eftir málum hversu mikla ráðgjöf og stuðning þarf, en konur koma yfirleitt í nokkur viðtöl áður en þær fara í sjálfshjálparhópa. Ef um börn er að ræða felst ráðgjöfin oftast í sérstökum stuðningi við nánustu aðstandendur barnins og til annarra aðila sem síðan styðja barnið.

Töluvert er leitað til Stígamóta þegar grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi og eins þegar vitað er að ofbeldi er í gangi. Þá er hlutverk starfsskvenna Stígamóta að reyna fá samvinnu við barnið og í flestum tilfellum móðurina til að kæra ofbeldið til viðkomandi barnaverndaryfirvalda. Það tekst í flestum tilfellum en þó finna starfskonur Stígamóta fyrir því hversu erfitt það er í litlum samfélögum úti á landi.

Sjálfshjálparhópar

Á árinu voru starfræktir 12 sjálfshjálparhópar fyrir þolendur sífjaspella og 4 hópar fyrir þolendur nauðgunar. Konurnar sem tóku þátt í hópunum voru á öllum aldri en sérstakir hópar voru fyrir unglingsstúlkur. 14 af þessum hópum voru fyrir konur sem voru að ræða sína reynslu í sjálfshjálparhópi í fyrsta sinn en einnig voru tveir framhaldshópar, einn fyrir þolendur sífjaspella og einn fyrir þolendur nauðgunar.

Mæður sífjaspellsþolenda hafa komið saman í sjálfshjálparhópi, rætt þar eigin reynslu og stutt þannig hver aðra. Einnig hafa makar sífjaspellsþolenda hist reglulega.

Í sjálfshjálparhópunum koma konur saman til þess að deila hver með annarri sárri reynslu og sækja styrk til að takast á við vandamál sem rekja má til sífjaspellanna eða nauðgunarinnar. Þær komast að raun um að þær eru ekki einar, aðrar konur hafa líka orðið fyrir svipuðu ofbeldi. Þær átta sig á að þær bera ekki ábyrgð á því ofbeldi sem þær urðu fyrir. Ábyrgðin er ofbeldismannsins.

Í hópnum er rætt um afleiðingar ofbeldisins á líf kvennanna, tjáningu, sjálfsmat, þunglyndi, sjálfsmorðshugleiðingar, samskipti við karlmenn, traust, kynlíf og svo mætti lengi telja. Mikilvægt er að þær sem taka þátt í hópstarfi mæti reglulega og leggi sitt að mörkum í umræðuna. Hóparnir grundvallast á algerrri þagnarskyldu út á við og trúnaði um öll mál sem þær koma fram.

Í hverjum hópi eru 4-5 konur og tveir leiðbeinendur. Hóparnir hittast í 15 skipti á 3ja mánaða tímabili. Allar konur sem áhuga hafa á að taka þátt í sjálfshjálparhópi koma fyrst í einstaklingsviðtöl. Einnig geta þær haldið áfram í stuðningsviðtölum á meðan á hópstarfinu stendur og eftir að því lýkur.

Tólf spora fundir

Eftir að sjálfshjálparhópunum lýkur gefst þolendum sífjaspella kostur á að sækja fundi þar sem unnið er eftir svokölluðu tólf spora kerfi. Fundirnir byggja á hugmyndum AA-samtakanna um reynslusporin tólf en eru aðlagðir fyrir þolendur sífjaspella. Leiðbeinendur í sjálfshjálparhópum fylgja konunum í að minnsta kosti tvö skipti á tólf spora fundi, til að kynna þeim þá starfsemi. Þessir fundir eru einu sinni í viku klukkutíma í senn og getur konan síðan sótt þá reglulega eða eftir þörfum.

Sjálfsvarnarnámskeið

Sjálfsvarnarnámskeiðin eru þannig sniðin að allar konur geta tekið þátt í þeim án tillits til aldurs, líkamsburðar eða hvort þær hafi orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi eða ekki. Áhersla er lögð á að konurnar geti varið sig fyrir nauðgunarárás eða hverskonar líkamsárás. Slíkt námskeið veitir konum aukið sjálfsöryggi og þær verða jafnframt betur undir það búnað að bregðast við árás ef á þarf að halda. Í umræðum á námskeiðinu er tekið á ýmsum atriðum s.s. hugtakinu nauðgun og ótta og reiði sem oft fylgir í kjölfarið. Stefnt er að því að efla sjálfstraust þátttakenda og gera þær meðvitaðar um þann styrk og kraft sem þær búa yfir sem er oft miklu meiri en þær gera sér grein fyrir.

Tvö slík námskeið hafa verið haldin á árinu og voru þau vel sótt.

Námskeiðin taka 18 tíma. Auk þess hefur verið farið í leikfimitíma stúlkna í fjórum framhaldsskólum í Reykjavík með sjálfsvarnarkennslu. Hefur kennslan fallið í mjög góðan jarðveg.

Fræðslunámskeið

Á vegum Stígamóta eru haldin námskeið fyrir þá sem óska eftir fræðslu um kynferðislegt ofbeldi. Námskeiðunum er ætlað að búa fólk betur undir að takast á við og vinna með þessi mál og eru viðhorf og tilfinningar þátttakenda stór hluti námskeiðsins. Kynnt eru tíðni, orsakaskýringar, eðli, einkenni svo og skammtíma og langtíma afleiðingar kynferðislegs ofbeldis á þá sem fyrir því verða. Einnig er fjallað ítarlega um hvernig best má bregðast við þegar kynferðislegt ofbeldi kemur upp, bæði hvað varðar lagalegar skyldur, lögreglurannsókn og dómsmeðferð slíkra mála og stuðning við þolendur og aðstandendur. Námskeiðin eru aðlöguð þörfum og óskum þátttakenda hverju sinni.

Tvö slík fræðslunámskeið hafa verið haldin á Akureyri. Fyrra námskeiðið, sem stóð yfir í þrjá daga, var ætlað fagfólki allsstaðar að af landinu sem í vinnu sinni þarf að taka á málum er snerta kynferðislegt ofbeldi.

Síðara námskeiðið, sem var í tvo daga, var fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu á Akureyri.

Fræðslufundir

Starfskonur Stígamóta hafa tekið þátt í og haldið fræðslufundi um kynferðislegt ofbeldi víða um land. Fræðslufundirnir eru mismunandi og sniðnir að óskum og þörfum þess hóps sem fræðsluna sækir. Haldnir hafa verið almennir fræðslufundir og fundir fyrir nemendur og starfshópa s.s. fóstrur, kennara og fleiri. Þá hafa verið haldnir fundir á Vopnafirði, Borgarnesi og víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu.

Tölulegar upplýsingar

Á fyrsta starfsári Stígamóta voru tekin 503 viðtöl við þolendur kynferðislegs ofbeldis og aðstandendur þeirra. Auk þess leituðu fjölmargir eftir stuðningi við að veita þolendum ráðgjöf meðal annarra prestar, kennarar, starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, og starfsfólk barnaverndarnefnda.

251 viðtöl voru símleiðis og 252 á Stígamótum. Þessi viðtöl voru veitt 250 einstaklingum sem sýnir að algengt er að fólk komi í nokkur skipti í viðtal.

Af þeim 503 viðtölum sem veitt voru á árinu voru 315 við þolendur kynferðislegs ofbeldis, 133 við aðstandendur þolenda og 55 við aðra sem tengjast ofbeldinu á einhvern hátt. Þolendurnir voru nær undantekningarlaust konur og voru á aldrinum 3ja ára til 81 árs.

18 sjálfshjálparhópar hafa starfað frá opnun miðstöðvarinnar, 12 fyrir þolendur sífjaspella, 4 fyrir þolendur nauðgunar og 2 fyrir aðstandendur sífjaspellsþolenda. Sérstakir hópar hafa verið fyrir unglingsstúlkur. Eftir að hópstarfinu lýkur gefst konum kostur á að sækja vikulega fundi fyrir þolendur sífjaspella, þar sem unnið er eftir svokölluðu tólf spora kerfi sem byggir á hugmyndum AA-samtakanna.

Rúmlega 60 % þeirra sem leituðu til Stígamóta voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og tæplega 40% voru af landsbyggðinni og dreifðust þeir nokkuð jafnt um landið. Ljóst er að mikil þörf er fyrir ráðgjöf og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi úti á landi og víða er enginn sem þolendur geta leitað til.

Staða kvennanna var mjög mismunandi hvað varðar starf, menntun og hjúskaparstöðu. Þær voru sem sé úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Þær eiga því ekkert sameiginlegt nema að hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi.

Það sama má segja um ofbeldismennina en þeir voru í nær öllum tilfellum karlmenn, úr öllum stéttum þjóðfélagsins og voru á aldrinum 9 til 90 ára þegar þeir beittu ofbeldinu. Þeir voru flestir giftir eða í sambúð. Í þessum 503 viðtölum voru tengsl ofbeldismannsins við þolandann þessi:

í 117 tilfellum feður,
68 tilfellum stjúpfeður,
127 ættingjar,
89 vinir eða kunningjar,
8 tilfellum makar,
62 tilfellum ókunnugir
og í 104 viðtölum aðrir en ofantaldir, þó einhver sem konan þekkir til á annan hátt en ber ákveðið traust til.

Þessar tölur sýna að þeir sem beita kynferðislegu ofbeldi eru sjaldnast ókunnugir menn heldur í flestum tilfellum einhver nákominn konunni eða barninu, einhver sem hún ber traust til. Oft hefur sami einstaklingur orðið fórnarlamb fleiri en eins ofbeldismanns.

Upplýsingar um fjárframlög frá ríki, einstaklingum og félögum

Áður en Stígamót opnuðu veitti ríkið styrk upp á 2.300.000 sem dugði fyrir launakostnaði starfsmanna og til þess að leigja og innrétta húsnæði þannig að miðstöðin gæti hafið starfsemi sína. Ráðið var í eina stöðu, en fljótlega varð okkur ljóst að ein staða dugði ekki til og var tekin ákvörðun seinnipart sumars, um að auka starfshlutfallið um 30%.

Ríkið sýndi starfsemi okkar meiri stuðning með fjárstyrkjum sem voru:

Aukafjárveiting frá ríki	500.000
Styrkur til fræðslustarfs frá Menntamálaráðuneyti	50.000
Styrkur frá Félagsmálaráðuneyti	250.000
	<hr/>
Samtals	800.000

Aðrar tekjur voru helstar:

Tekjur vegna námskeiða*	151.805
Framlög einstaklinga	50.000
Framlög félaga	74.000
Merkjasala	700.000
	<hr/>
Samtals	975.805

*Tekjur af námskeiðum eiga að standa undir launakostnaði vegna þeirra.

Rekstrarreikningur með endalegum tölum mun liggja fyrir bráðlega en eru þessar tölur aðeins til glöggvunar til þess að sjá hverjir helstu tekju og kostnaðarliðir eru.